

# Byggjum fleiri stoðir

Hugmyndir að nýrri byggðastefnu  
nýjum áherslum í landbúnaði

# Er einhver byggðastefna?

- Byggðaaætlanir/ byggðamál: 2 milljarðar
- Jöfnunarsjóður sveitaféлага: 20 milljarðar
- Fiskveiðistjórnarkerfið – sértækar aðgerðir: 5-8 milljarðar
- Búvörusamningar: 14 milljarðar
- Einstök átaksverkefni eins og Ísland ljóstengt: 450 milljónir á ári til 2021 – (2,5 milljarðar)
- Er kominn tími á Ísland ljóstengt 2.0 ?

# Starfsumhverfi landbúnaðar

- Stuðningur við landbúnað hefur minnkað verulega á síðustu árum en verðmætasköpun í landbúnaði og úrvinnslugreinum hefur aukist mikið.
- Frá aldamótum hafa þessar greinar vaxið meira en VLF, öfugt við þróunina á síðari hluta 20. aldar. Landbúnaður skapaði 88% meiri verðmæti árið 2015 heldur en 1997. Á sama tíma hefur verg landsframleiðsla vaxið 73%
- Framleiðni í landbúnaði jókst um 39% frá 2008 til 2015.
- Verðmæti framleiðslunnar hefur því aukist og er í dag rúmlega 60 milljarðar á ári.

# Lægri framlög og lægra verð


Útgjöld ríkissjóðs vegna landbúnaðar hafa lækkað um 6,1 milljarða á föstu verðlagi frá 1998 til 2016.

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa framlögin lækkað úr 1,25% í 0,65%

Búvörur hafa lækkað að verulega að raunvirði

...en tölum frekar um fólk og lífandi byggðir.

## Vísitala neysluverðs húsnæði, opinber þjónusta og búvörur frá 1997



# Trúin á framtíðina – aukin eftirspurn

- Ísland á gríðarlega möguleika í matvælaframleiðslu í framtíðinni og þá ekki síst landbúnaður:
  - Um 160 milljónir bættast í hóp millistéttarinnar í heiminum á ári.
  - Árið 2022 verða 4,2 milljarðar í millistéttinni – mesta fjölgunin á Indlandi og Kína. Árið 2028 verða 5,2 milljarðar í millistétt.
  - Árleg neysla millistéttarinnar er um 35 trilljónir dollara og eykst um 29 trilljónir fram til ársins 2030. Því er spáð að neysla millistéttarinnar muni aukast hraðar en vöxtur heimsframleiðslunnar.
- Eftirspurn eftir heilnæmum matvælum mun aukast samhlíða stækkandi millistétt. Styrkari efnahagur leiðir til eftirspurnar eftir landbúnaðarvörum sem eru rekjanlegar og framleiddar án aukaeigna og lyfja.

# Nýtum styrkleikana og lögum veikleikana

## Styrkleikar\*

- Gæði
- Hreint land og hreint vatn
- Náttúran
- Lítil mengun
- Ímynd landsins
- Mætvælaöryggi
- Lítil lyfja- og eiturefnanotkun
- Vitneskja um uppruna vörunnar

## Veikleikar\*

- Takmörkuð framleiðslugeta
- Þjónusta
- Ótryggt framboð
- Skortur á skýrri stefnu og langtíamarkmiðum
- Sala og markaðssetning á erlendum mörkuðum
- Veður og náttúrufar
- Kostnaður við framleiðslu
- Nýliðun er erfið
- Aðgengi að fjármagni takmarkað

# Hvernig byggjum við fleiri stoðir?

- Verðmætari landbúnað.
- Nýja „kynslóð“ samninga við bændur – Fjárfestingasamningar –samningar sem varðveita hreinleika afurða – vernd náttúru og nýtingu landkosta
- Búgreinasamningar – loftslagsmálin - sem skýtur styrkari stoðum undir landbúnað, fleiri stoðir – aukinn sveigjanleiki
- Fjórða iðnbyltingin: Ljósleiðaratenging um allt land þannig að allir hafi aðgang að háhraðatengingu
- Breytt skattalög: Skattaleg meðferð á sölu bújarða styður við búsetu næstu kynslóðar
- Einfaldara og skilvirkara eftirlitkerfi landbúnaðar.
- Nýja Byggðastofnun, taki yfir Jarðasjóð. Vinni með Framleiðnisjóð landbúnaðarins.
- Landbúnaður gegni hlutverki í orkuskiptaáætlun Íslands með áherslu á litlar virkjanir.

# Aukið virði afurða - faglegt átak

- Framtíð landbúnaðar er ekki síst i eflingu rannsókna og menntunar
- Hugmyndafræðin er m.a. sótt til þess sem hefur drifið áfram breytingar í sjávarútvegi
- Endurskoðun á námframboði. Nýjar námsleiðir
- Nýjar áherslur í rannsóknum – praktískar rannsóknir
- Færa rannsóknir aftur út í sveitirnar – samvinna við bændur
- Áhersla á markaðsmál – nýsköpun og aukið virði á afurðum landbúnaðarins – samþætting náms á sviði búvísinda og viðskipta
- Ekki síst að Landbúnaðarháskólinn láti sig varða samfélagslega umræðu um landbúnað



# Ný kynslóð samninga

- Með breytingum á búvörulögum verði innleiddur nýr búgreinasamningur við bændur um kolefnisjöfnun. Samningar verða persónubundnir við ábúendur jarða í búrekstri.
- Samningar ná jafnt til bindingar kolefnis sem samdráttar í losun.
- Bændur fá greitt fyrir hvert tonn CO<sub>2</sub> sem þeir binda (minnka losun) samkvæmt viðurkenndu loftlagsbókhalði.

# Loftslagsmál – ækifæri eða ógn?

- *Með nýjum samningum yrði rennt nýjum stoðum undir íslenskan landbúnað og um leið er mörkuð sú stefna að landbúnaðurinn gegni lykilhlutverki við að tryggja að Ísland nái að standa við alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum*

- Samningur um takmörkun á losun CO<sub>2</sub> liggur fyrir.
- Þegar eru verulegir fjármunir innheimtir – hvert fara þeir?
- „Ísland þarf að kaupa sér losunarheimildir á næstu árum“
- Það er hægt að flétta saman aðgerðum í loftslagsmálum við byggðamál og byggðafestu

# Kolefnisjöfnun

- Landbúnaðurinn verði kolefnisjafnaður að fullu innan 10 ára.
  - Endurheimt votlendis
  - Minni áburðarnotkun
  - Skógrækt
  - Uppgræðsla og beitarfriðun
  - Bætt bústjórn

# Búháttabreytingar – aðlögunarsamningar – ábúðarsamningar

- Samhliða og með nýrri kynslóð landbúnaðarsamninga á að innleiða sérstaka aðlögunarsamninga vegna nýrrar starfsemi til sveita.
- Með þeim verði rudd braut fyrir bændur til að byggja upp nýja búgrein eða hasla sér völl á öðrum sviðum. Aðlögunarsamningar til búháttabreytinga og nýsköpunar, sem gerðir eru við ábúendur jarða, eru til ákveðins árafjölda (5-7 ár) og **háðir því skilyrði að reksturinn tryggi byggðafestu og búsetu á viðkomandi jörð**.
- Aðlögunarsamningar spila vel með búgreinasamningi um loftlagsmál.
- Geta verið margháttuð verkefni allt frá náttúrvernd – nýsköpun – orkuframleiðslu - fjarvinnslu og gagnageymsla.
- Höfum við „fundið allar arðvænlegar búgreinar“?

# Ný Byggðastofnun

- Jarðasjóður renni inn í (nýja) Byggðastofnun og aukið eigið fé nýtt til að stofna **Landbúnaðarþróunarsjóð** – styðji við Framleiðnisjóð landbúnaðarins
- Byggðastofnun vinni skipulega að sölu ríkisjarða til sameiningar og eflingar búskapar. Stofnunin veiti bændum lán til jarðakaupa og geri við þá sjálfstæða ábúðarsamninga.
- Byggðastofnun taki þátt í og veiti til þess lánsfé að ná fram aukinni hagkvæmni í matvælaframleiðslu. (t.d. afurðastöðvar).

- Áhersla iðnaðarráðherra: Orkuskipti nást ekki án öflugs dreifikerfis raforku. Aðgengi að 3ja fasa rafmagni er lykilatriði.
- Orkuöflun með litlum og stórum rennslisvirkjunum og vindmyllum verður stöðugt áhugaverðari
- Sögulega voru gríðarmargar litlar virkjanir í sveitum landsins.
- Orkuskipti í samgöngum samhliða uppbyggingu lítilla virkjana, opnar tækifæri til að auka verðmætasköpun í sveitum. “Hlaðið í hlaði”
- Það er einnig æskilegt að fá fleiri framleiðendur til að „mata“ inná sameiginlegt dreifikerfi. Með því eykst orkuöryggi. Með öflugum ljósleiðarkerfi um sveitir skapast einnig möguleikar á að nota „snjallnet“ sem sölu og markaðstæki.
- Repjurækt – olíulindir Íslands

# Hlutverk landbúnaðar í orkuskiptum

# Skattkerfi og lífeyrismál bænda

- Skattkerfið á að auðvelda kynslóðaskipti í landbúnaði en ekki hindra.
- Bújörðin er oftast ekki aðal sparnaður eldri kynslóðar - við ættliðaskipti. Því er mikilvægt að skattkerfið geri báðum kynslóðum kleift að styðja við hvora aðra þegar kemur að kynslóðaskiptum.
- Skattalegir hvatar til geta virkað bæði sem góður eftirlaunasjóður eldra fólks - en um leið getur slíkt búið til polinmótt fjármagn fyrir yngra fólkið sem tekur við búrekstrinum. Sala bújarða milli kynslóða á að auðvelda með breytingum á skattalögum m.a. með því að heimilt verði að lána stærsta hluta kaupverðsins með útgáfu skuldabréf sem fái sambærilega skattalega meðferð og séreignasparnaður, þ.e. söluhagnaður bújarðar er ekki skattlagður í einu lagi heldur eftir því sem greitt er af skuldabréfinu.
- Tímabært að taka lífeyrismál bænda traustum tókum – ungra sem eldri

# Einfaldara og skilvirkara eftirlit

- Eftirlit með búskap hefur orðið stöðugt umfangsmeira og kostnaðarsamara fyrir bændur, beint og óbeint.
- Nauðsynlegt er að einfalda allt eftirlit, auka skilvirkni þess og lækka kostnað.
- Á næsta kjörtímabili á vinna að sameiningu og/eða samþættingu allra eftirlitsþátta og stofnana. Um leið á að leggja aukna áherslu á leiðbeinandi hlutverk eftirlitsaðila.



# Margt fleira þarf að hugleiða

- Hvað geta sveitafélögin sjálf gert til að efla byggð?
- Skyldur jarðeigenda og tækifæri
- Endurskoðun jarðalaga um takmörkun á eignarhaldi